

Nd.

178. Frumvarp

til laga um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum.

(Eflir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi til skipsuppsáturs fyrir almenning landspildu á Bolungarvíkurmölum, kringum brimbrjótinn, ásamt leigurjettindum og kvöðum, er á spildunni hvíla, og öllum mannvirkjum og byggingum, er á henni standa.

2. gr.

Stærð spildunnar er 1000 fermetrar, 78 metrar á lengd og 51 til 52 metrar á breidd að meðaltali; takmarkast hún að norðanverðu af ytri lóðarmerkjum Arna E. Arnasonar, Jóns I. Nordkvists og Hannesar Guðjónssonar, að sunnanverðu af ytri lóðarmerkjum svonefndrar Eyfirðingalóðar, að vestanverðu af götunni og að austanverðu af sjónum.

3. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.